

Mánudaginn 12. mars 1990.

Nr. 13/1989. **Hjördís Agnarsdóttir**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Flugleiðum hf.

(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Fjárnám. Aðild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. desember 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði ómerkt og úr gildi felld og synjað verði um fjárnámið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

I.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 16. nóvember 1987 var Jósef Guðbjartsson dæmdur til að greiða stefnda 124.949 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Jósef greiddi ekki skuldina, og hinn 24. maí 1988 fór stefndi þess á leit við bæjarfógetann á Akureyri, að gert yrði fjárnám í eignum Jósefs til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Guðjón J. Björnsson, fulltrúi bæjarfógeta, tók beiðni þessa fyrir í fógetarétti Akureyrar 20. júlí 1988. Gerðarþoli var sjálfur viðstaddur gerðina. Síðan var bókað: „Gætt er leiðbeiningarskyldu. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsir fógeti yfir fjárnámi í ... Gerðarþoli lýsir því yfir, að hann eigi ekkert af þessum munum...“

Áfrýjandi, sem er eiginkona gerðarþola, áfrýjaði fjárnámssgerð þessari. Krafa áfrýjanda um, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði felld úr gildi, er byggð á því, að áfrýjandi kveðst vera réttur eigandi

hinna fjárnumdu muna, og hafi því verið óheimilt að taka þá fjárnámi til tryggingar skuldum gerðarþola. Þá bendir áfrýjandi á, að gerðarþola, sem er ólöglærður, hafi ekki verið leiðbeint um það, að hann ætti að krefjast úrskurðar fógeta um, hvort hlutir þessir væru hæfir til aðfarar. Sé fjárnámsgerðin af þessum sökum haldin (sic) slíkum annmörkum, að ómerkja beri hana.

Stefndi byggir kröfu sína um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar aðallega á því, að löglíkur séu fyrir því, að munir þeir, sem teknir voru fjárnámi á heimili gerðarþola, séu hans eign. Gerðarþoli hafi ekki látið bóka eftir sér, að hlutirnir væru eign eiginkonunnar, og hafi engin gögn komið fram, sem sýni, að áfrýjandi sé eigandi munanna.

Jósef Guðbjartsson, eigenmaður áfrýjanda, var aðili fjárnámsins í héraði. Efnisdómur í Hæstarétti um fjárnámið myndi binda hann. Honum hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar 20. júlí 1988.

Ár 1988, miðvikudag 20. júlí, var fógetaréttur Akureyrar settur að Ásabyggð 16 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Guðjóni J. Björnssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið fjárnámsmálið nr. 369/1988: Flugleiðir hf. gegn Jósef Guðbjartssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur, birtan 12/12 1987, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Tómas Heiðar lögfr. v/Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 124.949 með 2,25% mánaðarv. frá 15/9 1986 til 1/3 1987, 2,5% mánaðarv. frá þ.d. til 6/5 1987, 30% ársv. frá þ.d. til 1/6 1987, 33,6% ársv. frá þ.d. til 1/7 1987, 36% ársv. frá þ.d. til 1/8 1987, en 40,8% ársv. frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu drv. skv. ákv. Seðlabanka Ísl. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.970 fyrir ritun gerðarbeiðni, kr. 25.800 í málskostnað samkv. gjald-

skrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur viðstaddur. Gætt er leiðbeiningarskyldu. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsir fógeti yfir fjárnámi í Loeve-sjónvarpstæki, Hitachi-myndbandstæki, gler-sófaborði og gráum hornsófa, hillusamstæðu, dökkbrúnni að lit, dökk-brúnu sófaborði og brúnu sófasetti (3x2x1), dökku borðstofuborði ásamt fjórum stólum með rauðum sessum; hljómflutningstækjum: Dual c s 12-plötuspilara, Kenwood-magnara, Kenwood-útvarpsmagnara og tveimur Kenwood-hátölurum, öllu að Ásabyggð 16, Akureyri. Gerðarþoli lýsir yfir, að hann eigi ekkert af þessum munum. Fallið frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upp lesið, játað rétt bókað Gerðinni lokið.
